



Reykjagarður hf.
Fosshálsi 1
110 Reykjavík

Reykjavík, 14.1.2025
UST202401-288/A.E.H.
08.12.02

Efni: Reglubundið eftirlit þann 10. desember 2024 – Reykjagarður að Jarlstöðum, ID 371

Þann 10. desember sl. fór fram reglubundið eftirlit í Reykjagarði að Jarlstöðum. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

Ein ábending var sett fram í eftirlitinu er varðar:

1. Rekstraraðila var bent á að fara yfir listann í grein 4.1 í starfsleyfinu og sannreyna að öll atriðin séu skráð á ársyfirlitið.

Þrjú frávik komu fram er varða:

1. Gr. 4.1 í starfsleyfi. Rekstraraðili skal taka saman ársyfirlit og senda eftirlitsaðila, sbr. gr. 4.1, fyrir 1. maí ár hvert fyrir undangengið almanaksár. Skráningar í ársyfirliti voru ekki fullnægjandi fyrir árið 2022. Fullnægjandi ársyfirliti var skilað inn 10. janúar 2025 og telst því frávikinu lokað.
2. Gr. 4.1 í starfsleyfi. Rekstraraðili skal taka saman ársyfirlit og senda eftirlitsaðila, sbr. gr. 4.1, fyrir 1. maí hvert undangengið almanaksár. Skráning í ársyfirliti voru ekki fullnægjandi fyrir árið 2023. Fullnægjandi ársyfirliti var skilað inn 10. janúar 2025 og telst því frávikinu lokað.
3. 2. Gr. reglugerð nr 990/2008 um ústreymisbókhald. Rekstraraðili skal færa ústreymisbókhald og skila því til Umhverfisstofnunar fyrir 1. maí ár hvert. Ústreymisbókhald fyrir árið 2023 barst 15. ágúst sl. og því er frávikinu lokað.

Virðingarfyllt

Auður Eyberg Helgadóttir
sérfræðingur

Kristín Kröyer
sérfræðingur